

SAMTÖK FISKVINNSLUSTÖÐVA
AUSTURSTRÆTI 18 – PÓSTHÓLF 82 – 121 REYKJAVÍK
ÍSLAND – SÍMI 91-623155 – TELEFAX 91-623158

Alþingi

Erindi nr. Þ 112 / 875

komudagur: 10.04.1990

9. apríl 1990

Sjávarútvegsnefndir Alþingis,
b.t. Hr. Stefáns Guðmundssonar, alþingismanns.

Eftir samtali við Þórð Bogason, lögfræðing, starfsmann Sjávarútvegsnefnda Alþingis, verður kynnisferð nefndanna á fiskmarkaðina í Reykjavík og Hafnarfirði og til tveggja fiskvinnslufyrirtækja í Hafnarfirði farin **mánudaginn 23. apríl** næstkomandi og stendur yfir frá kl. 07:15 til kl. 10:00.

Dagskrá kynnisferðarinnar verður eftirfarandi:

- Kl. 07:15 Farið með rútu frá bifreiðastæði Alþingis
- Kl. 07:20 Molakaffi á Faxamarkaðnum hf í Reykjavík, heilsað uppá kaupendur og starfsmenn, fylgst með uppboði.
- Kl. 07:40 Ekið til Hafnarfjarðar
- Kl. 08:00 Heimsókn til SKERSEYRAR hf
- Kl. 08:30 Heimsókn til HVALEYRAR hf
- Kl. 09:00 Heimsókn á Fiskmarkaðinn í Hafnarfirði, heilsað upp á kaupendur og starfsfólk, fylgst með uppboði.
- Kl. 09:15 Kaffi og spjall á loftinu í Veitingahúsinu A. Hansen í Hafnarfirði.
- Kl. 09:45 Ekið til Reykjavíkur

Leiðsögumenn í kynnisferðinni, auk formanns og framkvæmdasjóra SF, verða :

Bjarni Thors, frkvstj. Faxamarkaðsins,
Bjartmar Pétursson, frkvstj. Skerseyrar hf
Einar Sveinsson, frkvstj. Fiskmarkaðsins í Hafnarfirði
Jón S. Friðjónsson, frkvstj. Hvaleyrar hf
Jón Karlsson, frkvstj. Brynjólfs hf, Njarðvík.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva



Ágúst H. Elíasson, frkvstj.